



2. ÍSLAND BYGGIST FÓLKI

Bls 12–25

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- ástæðum og einkennum víkingaferða
- að Ísland var numið á víkingaöld þegar norrænir menn sigldu um Evrópu
- hvaðan landnámsmennirnir komu og af hverju þeir yfirgáfu heimkynni sín
- því hvernig landnámsmennirnir komust yfir hafið til Íslands
- því hvernig landnámsmennirnir komu sér fyrir á Íslandi
- lífnaðarháttum landnámsmannanna

Kennsla

Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir helstu einkennum víkingaaldar. Hvað fékk norræna menn til að yfirgefa heimalönd sín, hvað gerði þeim kleift að fara víðs vegar um Evrópu og hvað einkenndi hina svokölluðu víkinga.

Leggja skal áherslu á tengsl milli siglinga norrænna manna og landnáms Íslands. Rétt er að gera grein fyrir elstu frásögnum af komu manna til Íslands svo sem Pýpeasar, papa og þeirra norrænu manna sem virðast hafa komið að landi fyrir landnám Ingólfs.

Þá skal fjalla um sjálft landnámið sem og lífshætti landnámsmanna. Í því sambandi er mikilvægt að nemendur átti sig á sjálfspurftarbúskap landsmanna sem byggðist fyrst og fremst á landbúnaði en einnig fiskveiðum og ýmsum hlunnindum. Til eru margar hugmyndir að skemmtilegum sögurömmum og þemaverkefnum um landnám sem væri hægt að nota hér ef kennarar óska.

Til fróðleiks

Helstu einkenni víkingaldar

Tímabilið er kennt við norræna sáfara (víkinga) sem fóru víða um lönd. Þeir hjuggu strandhögg (rændu og myrtu), stunduðu verslun og námu lönd. Helstu orsakir víkingaferða eru eftirfarandi: landþrengsli Norðurlandabúa vegna mikillar fólksfjölgunar, þróun í skipa- og siglingatækni, héraðshöfðingjar töpuðu völdum í hendur konunga sem juku skattbyrði manna, vaxandi verslun í Evrópu, ævintýraþrá. Víkingarnir sigldu einkum í þrjár áttir: Frá Vestur-Noregi til Norður-Bretlands og eyjanna í Norður-Atlantshafi. Frá Danmörku um strandir Vestur-Evrópu og til Englands. Frá Svíþjóð austur um Eystrasalt og upp fljót Rússlands alla leið suður til Svartahafs.

Hvað markaði upphaf og endi víkingaaldar?

Venja er að miða upphaf víkingaaldar við árás víkinga á klaustrið Lindesfarne á Englandi árið 793. Annars er oft látið nægja að segja að víkingaöld hefjist um 800. Yfirleitt er miðað við árið 1050 sem lok víkingaaldar enda hafði mjög dregið úr ferðum þeirra á þeim tíma. Sumir miða hins vegar við árið 1066 en þá tapaði Haraldur harðráði Noregskonungur fyrir Normönnum (frá Normandí í Frakklandi) við Stanford Bridge á Englandi. Í bókinni er miðað við ártölin 793–1050.



Til fróðleiks

Munurinn á langskipi og knerri

Langskip voru mjó og hraðskreið skip sem víkingar notuðu í ránsferðir. Þeim mátti t.d. sigla upp ár og því áttu víkingar auðvelt með að koma fórnarlömbum sínum í opna skjöldu langt inni í landi. Knerrir voru stærri skip sem gátu borið meiri varning og siglt út á rúmsjó. Kaupmenn og landkönnuðir (t.d. þeir sem sigldu til Íslands) munu hafa notast við knerri.

Umræður

- Landnám á Íslandi varð seinna en í öðrum löndum. Af hverju heldur þú að svo hafi verið?
- Á hverju lífðu landsmenn á fyrstu öldum byggðar?
- Af hverju var erfiðara fyrir fólk á landnámsöld að vita hvernig Ísland leit út en það er fyrir okkur í dag?
- Hvaða rök eru fyrir því að kalla Ingólf Arnarson fyrsta landnámsmanninn?
- Hvaða ímynd hafa víkingarnir í augum nemenda, nefna bæði eitthvað jákvætt og neikvætt?
- Hvaða þjóð/þjóðum telja nemendur að Íslendingar séu skyldastir?
- Hvað halda þeir að hafi verið erfiðast við að búa á Íslandi á landnámsöld?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 14, Ingó eftir Þórarinn Eldjárn, efni kaflans.

Verkefni

- Skrifaðu frétt á ensku eða dönsku sem segir frá fundi Íslands. Við getum ímyndað okkur að hún myndi birtast í erlendu dagblaði.
- Skrifaðu frásögn af siglingu landnámsmanna til Íslands. Ímyndaðu þér að þú sért einn þeirra og að þú sért að skrifa dagbók á leið þinni til landsins. Miðaðu við að ferðin taki eina viku og að þú færir daglega í dagbókina.
- Skrifaðu frásögn af því hvernig það var að setjast að á Íslandi og lifa af landsins gæðum.
- Ímyndaðu þér að þú sért að skrifa sendibréf til ættingja þinna í Noregi. Segðu frá því hvernig landið er og hvernig hið daglega líf gengur fyrir sig.
- Ímyndaðu þér að þú sért um borð í víkingaskipi. Skrifaðu frásögn af því sem þú tekur þér fyrir hendur ásamt hinum víkingunum.
- Myndskreyttu ljóðið Ingó eftir Þórarinn Eldjárn á bls 14.
- Hópmýnd þar sem bekkurinn hjálpast að við að útbúa fjölskyldu sem er að leggja af stað á skipi frá Noregi. Hvað þarf að hafa með?
- Skiptu blaði í fjóra reiti. Hver voru störf landnámsmanna á hverri árstíð. Líka hægt að hafa sem hópverkefni.



Kort

- Skoðaðu kortið á bls 17 í bókinni og hafðu síðan Kortabók til hliðsjónar. Hvert fóru Norðmenn, Danir og Svíar til að nema lönd?
- Merktu inn á kortið hvaðan landnámsmenn Íslands komu. Teiknaðu siglingaleiðir þeirra til landsins. Merktu einnig inn á kortið hvar fyrsti landnámsmaðurinn er talinn hafa sest að.

Leikræn tjáning

- Spunnin er saga af því þegar fjölskylda ásamt föruneysi siglir til Íslands.

Sögurammar

- Sögurammar eru til um landnámið t.d. í bók Lilju Jónsdóttur , *Skapandi skólastarf*.



2. ÍSLAND BYGGIST FÓLKI – VERKEFNI

Bls 12–25

1. Hver er talinn hafa vera fyrsti landnámsmaður Íslands? Hvar kom hann sér fyrir og hvenær var hann á ferðinni? _____

2. Hverjir voru papar og hvernig tengjast þeir Íslandi?

3. Hvenær var víkingaöld og við hvað eru ártölin miðuð?

4. Í hvaða löndum settust norrænir víkingar helst að eftir að þeir höfðu yfirgefið heimkynni sín?

5. Nefndu nokkra norræna landnámsmenn sem talið er að hafi komið til Íslands fyrir landnám.

6. Hvaða tímabil er kallað landnámsöld og við hvað miðast tímabilið?



7. Nefndu tvær gerðir skipa sem landnámsmenn notuðu og útskýrðu muninn á þeim? Á hvernig skipum sigldu þeir til Íslands og hvað tóku þeir með sér?

8. Hver voru fyrstu verkefni landnámsmanna þegar þeir komu til nýja landsins?

9. Hvað heldur þú að hafi verið erfiðast við að búa á Íslandi á landnámsöld?



2. ÍSLAND BYGGIST FÓLKI – LAUSNIR

1. Ingólfur Arnarson, talið er að hann hafi sest að á Íslandi í kringum 870. Hann bjó í Reykjavík.
2. Papar voru írskir munkar sem virðast hafi komið hingað til lands til sumardvalar áður en norrænir menn settust hér að. Elstu frásagnir Íra af Íslandi eru frá því seint á 8. öld eða um eitt hundrað árum fyrir landnám.
3. Venja er að miða upphaf víkingatímans við árás víkinga á klaustrið Lindisfarne á Englandi árið 793. Víkingaöld lýkur hins vegar um 1050 en þá hafði dregið mjög úr ferðum norrænna manna um Evrópu.
4. Aðeins lítill hluti af þeim mikla straumi fólks sem barst frá Norðurlöndum á víkingaöld nam land á Íslandi. Flestir settust að á Bretlandseyjum og á meginlandi Evrópu. Þá settust nokkrir þeirra að í Færeyjum.
5. Landnáma segir frá þremur norrænum mönnum sem komu til Íslands fyrir landnám en dvöl þeirra hérlendis var stutt. Fyrst er getið um Naddodd en hann kallaði landið Snæland. Næst segir frá sænskum manni sem hét Garðar Svavarsson en hann var fyrstur til að sigla kringum Ísland svo vitað sé. Eftir ferð hans var landið kallað Garðarshólmi. Að lokum er greint frá Hrafna-Flóka en hann gaf landinu núverandi nafn.
6. Samkvæmt *Íslendingabók* Ara fróða varð Ísland albyggt á árunum 870–930 og því er venja að kalla það tímabil landnámsöld.
7. Þegar víkingar fóru í ránsferðir sínar sigldu þeir á mjóum og hraðskreiðum skipum sem kölluðust langskip. Landnámsmennirnir sigldu hins vegar á skipum sem kölluðust knerrir en þeir voru í raun flutningaskip. Það má segja að þeir hafi verið útbúnir eins og örkin hans Nóa því landnámsmennirnir þurftu að hafa bústofninn með sér. Um borð hafa einnig verið alls kyns verkfæri og áhöld auk byggingarefnis. Þá hefur einnig þurft töluvert af vatni og mat til fararinnar handa allri hersingunni um borð.
8. Landnámsmennirnir þurftu að finna hentugan stað til að búa á. Þeir hafa eflaust byrjað á því að koma sér upp öruggu skjóli sem fyrst. Næsta skref hefur verið að skoða sig um til að finna gott landsvæði sem ekki hafði þegar verið numið af öðrum. Þar sem landnámsmennirnir voru fyrst og fremst bændur leituðu þeir eftir landi þar sem gott var að stunda landbúnað.
9. Mismunandi svör.